

## G J A L D S K R Á

### Rafmagnsveitna ríkisins um heimtaugargjöld í sveit.

#### 1. gr.

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirri, sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunngjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin, áður en heimtaug er lögð, áður en hús er tengt eða gert skriflegan samning um greiðslu þess og má krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindum skilyrðum um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

Upphæð heimtaugargjaldsins ákveðst skv. 2. gr. nema heimtaugargjalda í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, sem ákveðin eru í sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir.

#### 2. gr.

Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignarmatsverði. Grunngjald skal vera 15.000 krónur á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald skal greiða 20 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að 100 000 kr. matsverði, og 5 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir 100 000 krónur, enda sé samanlögð lengd háspennu -og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverjar 12 000 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði kr. 55 þús. Þó skal tekið tillit til þess, ef býlið telst, að dómi landnámsstjóra, verulega frábrugðið meðalnýbýli, að því er fasteignamat varðar.

Heimtaugargjöld sumarbústaða ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins.

Verði fallizt á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein, skulu heimtaugargjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 6. apríl 1968 og gildir frá 15. apríl 1970 að telja. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins frá 10. júlí 1968.

*Iðnaðarráðuneytið, 15. apríl 1970.*

**Jóhann Hafstein.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*